

Myndlista- og handíðaskólinn 40 ára:

Verk nemenda og Kurt Zier á hátíðarsýningu að Kjarvalsstöðum

MYNDLISTA- og handíðaskóli Íslands er 40 ára um þessar mundir. Í tilefni af afmælinu verður opnuð í dag árleg vörðing skólans að Kjarvalsstöðum. Sýningin hefur ávallt verið haldin í húsakynnum skólans en er nú í öllum sölum Kjarvalsstaða.

Sýningin verður opnuð við hátíðlega athöfn í dag kl. 14 og mun standa fram til sunnudagsins 20. maí. Hún er opin daglega frá kl. 14—22. Nemendur Tónlistarskóla Reykjavíkur munu tvívegis halda konserta á sýningartímanum, verða þeir nánar auglýstir síðar Aðgangur að sýningunni er ókeypis.


Skólinn hefur gefið út sérstakt

afmælisrit sem til sölu verður á sýningunni. Í ritinu er saga skólans rakin. Kemur þar fram, að Ludvig Guðmundsson stofnaði Handíðaskólann árið 1939 og var hann fyrsti skólastjóri hans. Upphaflegt markmið hans var einkum að sérhæfa kennara og kennaraefni í teiknun hvers konar. Sama ár réð Ludvig Kurt Zier að skólunum frá Þýskalandi og var hann lengi aðalkennari skólans og síðar skólastjóri. Björn Th. Björnsson samdi annál skólans í ritið.

Í anddyri Kjarvalsstaða er sýning á verkum Kurt Zier, sú fyrsta hér á landi, en skólastjórn þótti við hæfi að minnast þess manns, sem hafði svo mikil áhrif á þróun skólans.

Nemendur í dagdeildum skólans eru nú um 160 og rúm 500 á ýmsum námskeiðum fyrir fólk á öllum aldri.

Skólastjórar auk Ludvigs og Kurt Zier hafa verið Hörður Ágústsson, Gísli B. Björnsson, Hildur Hákonardóttir og núverandi skólastjóri er Einar Hákonarson.



Verk nemenda á 3. og 4. ári voru í sérstökum sal. Þar gat að líta þessar grímur og eru mörg andlitin nokkuð kunnugleg. Við látum lesendum eftir að finna út samlíkingarnar.



Hér var ekki setið auðum höndum. Uppsetning sýningarinnar var á fimmtudaginn í fullum gangi og auðséd var að nemendum var annað um að öllu yrði vel fyrir komið.

Pétur Pétursson þulur:

Sigurður og sjöunda greinin

Það vafðist dálítið fyrir Pilatusi á sinni tíð hvað væri sannleikur. Sigurði Sigurðssyni er ekki þannig farið hvað ósannindum viðvíkur. Hann þekkir þau strax af viðkynningu. Sigurður les grein mína um þátt fréttastofa útvarps og sjónvarps með því að bera hana að spegli. Þá verður niðurstaðan augljóslega öll önnur en hjá öðrum lesendum.

Sigurður vefengir staðhæfingu mína um að fréttastofur útvarps og sjónvarps hafi ekki starfað samkvæmt reglum (7. grein), er þær kusu að leida hjá sér blaðamannafund Andófs 79 og einnig það, að hvorug stofnunin gaf fulltrúum okkar kost á að koma fram um leið og leitað var álits aðila er stóðu að atkvæðagreiðslu um málið, en þátttaka bundin við fulltrúa BSRB og fjármálaráðherra. Ummæli Kristjáns Thorlaciusar hafa vakið almenná kátinu, er hann lýsti stjórn BSRB sigurvegara í atkvæðagreiðslunni. Það er niðurstaða er fréttastofurnar samþykkja sem hina einu birtingarhæfu. — Þjóðin veit annað og hlær að gambri Jóns sterka: „Sáud þið hvernig ég lagði hann.“ Það er í sjálfu sér broslagt að vera að elta ólar við málfutning þeirra sem ættu heima á dagvistunarheimilum og róluvöllum í þykjustuleik kjarabaráttu. En ef því væri svo farið að þeir létu sér nægja að skrifa í sandinn þá væri málið ekki vert þess tíma er fer í umræðu og deilur.

Þvert á móti efla þeir nú sem þeir mega allskonar öfl til þess að rétta hlut sinn að loknum ósigri. Synjun fréttastofu sjónvarpsins við þeirri málaleitan að fulltrúi Andófs fengi að koma fram til jafns við formann BSRB að lokinni atkvæðagreiðslu er í beinu framhaldi af neitun formannsins við þeim tilmælum Sjónvarpsins að hann kæmi fram í Kastljósi ásamt fulltrúa Andófs. Helgi Helgason fréttamaður kvaðst hafa sætt ámæli frá Kristjáni Thorlacius fyrir þá hugmynd að hann sæti fyrir svörum í sama þætti og fulltrúi Andófs. Nú hafa fréttastofur útvarps og sjónvarps kosið að bera smyrsl á sárin með því að leyfa einleik Kristjáns Thorlaciusar, eða eigum við að segja samleik og pantleik þeirra Kristjáns og Tómasar.

Umdeildar stofnanir eins og Ríkisútvarpið afla sér ekki aukinnar virðingar með slíkri framkomu sem lýst hefir verið gagnvart fjölmönnum hópum er andæfa og fylkja liði gegn yfirgangi. Í þeim hluta veraldar er ekki lýtur ritsköðun og hömlum í fréttafutningi nema að því er varðar mismun á aðstöðu er fjárskortur ævinlega hefir í för með sér, dytti engri fréttastofnun í hug að kæfa slíkar raddir er sannað hafa fjöldafylgi

sitt með jafn áþreifanlegum hætti og Andóf 79 gerði. Sigurður fréttastjóri nefnir fjölda félaga er gert hafi samþykktir er gengu gegn margnefndu samkomulagi. Ég vek athygli hans á því að félag okkar beggja reið á vaðið í því efni er það samþykkti einróma fyrst allra félaga tillögu er ég lagði fram í janúarmánuði ásamt félögum mínum mörgum í Starfsmannafélaga Ríkisútvarpsins.

Ósk mín um að við Andófsmenn fengjum að láta rödd okkar heyrast var ekki bundin persónulegu álitinu mínu. Hinsvegar höfðu öll dagblöðin leitað álits hjá mér og bjóst ég við að fréttastofur útvarps og sjónvarps vildu einnig gera þessum málum skil. En auðvitað var þeim velkomið að velja einhvern annan sem talsmann okkar.

Starfsmannafélag okkar Sigurðar í stofnuninni eiga sér margvisleg hugðarefni. Ekki hefir skort áhuga þeirra og fréttastofna frá ýmsum andófsþópum þótt eigi njóti þeir víðlíka fylgis og andófsþreyfing okkar sannaði í atkvæðagreiðslunni.

Torfusamtökin, Arnarhólsfundur, Laxárflokkur, o.fl. o.fl. hafa notið náðar sem við höfum ekki orðið aðnjótandi. Vill ekki Sigurður fréttastjóri skýra frá með hvaða hætti þær hreyfingar tryggðu sér tíma í útvarpi til túlkunar á málstað sínum.


Fjölmiðlum ber ótvíræð skylda til þess að veita í farveg sinn umræðuefnum er varða alþjóð. Sigurður okkar andófsmanna hefir vakið þjóðarathygli. Sjálf Alþingi tekið málið á dagskrá.

Ríkisstjórnin ríðar til falls, að sögn þingmanna. En ekkert raskar ró fréttastofa útvarps og sjónvarps. Nema ef vera skyldi að það biði fréttamanna á vaktinni að þurfa að ómaka sig til þess að segja frá því að auk þess að Hekla sé væntanleg til Raufarhafnar komi Esja til Kópaskers.

Í grein sinni tíundar Sigurður vanrækslusyndir fréttastofunnar. Það var ómörleg lesning.

„Fréttastofan leitaði ekki álits... formælenda fjölmennra félaga ríkis- og bæjarstarfsmanna, er andmæltu samkomulagi BSRB og fjármálaráðherra og unnu að því að samkomulaginu yrði hafnað, enda hefði þá fátt annað komist að í fréttatímum útvarpsins“.

Hver er ósannindamaður? Hver hallar réttu máli? Hver skrumskælir niðurstöður atkvæðagreiðslunnar með því að útvarpa einvörðungu frásögn Kristjáns Thorlaciusar um sigur forystunnar og engu öðru en því? Hvað á betur við „fréttafutning“ af þessu tagi en orð séra Árna Þórarinnssonar: „Þeir voru snillingar í að ljúga með þögninni“.



Veislumatur, skemmtiatriði

Við bjóðum stórsteikur sem smárétti.

Allt af öllu í mat og drykk.

Munið ókeypis sérrétt fyrir börn 10 ára og yngri.



„The Bulgarian Brothers“ skemmta matargestum Esjubergs í kvöld kl. 6—9 og á morgun sunnudag kl. 12—2 og 6—9.

Það er ódýrt að borða hjá okkur Verið velkomin

ESJUBERG